

Eyjólfur Ármannsson innviðaráðherra hefur kynnt tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2026-2040 ásamt fimm ára aðgerðaáætlun.

Í ályktuninni segir að lykilviðfangsefni í samgöngumálum á Íslandi næstu ár verði 17 talsins. Megin markmið verði þau að innviðir eigi að mæta þörfum samfélagsins og sjálfbærar byggðir og sveitarfélög verði um land allt. Í ályktuninni kemur m.a. fram að fækka eigi einbreiðum brúm. Þó er tekið fram að það eigi við um brýr á Hringvegi og öðrum umferðarmiklum vegum, þ.e. vegum með yfir 200 bíla meðalumferð á dag allt árið. Þetta þýðir að einblínt verður á þær 29 einbreiðu brýr sem eru á hringveginum en í tengslum við nýframkvæmdir utan hans geti enn verið gert ráð fyrir að einbreiðar brýr haldi sér eins og raunin hefur m.a. verið í Dalabyggð (framkvæmdir á Laxárdalsheiði og í Hvammssveit sl. 2 ár). Þetta þýðir að „stóra planið“ um fækkun einbreiðra brúa í Þjóðvegakerfinu er að þær fari úr 632 í 625 árið 2030, eða fækki um heilar 7 á næstu 5 árum en verði með öllu horfnar í lok þess 15 ára tímabils sem samgönguáætlun nær yfir. Það þýðir að taka þurfi fyrir 22 brýr á ári á árunum 2030-2040. Á sama tíma eru aðeins lagðar til 500 millj. kr. í breikkun brúa á tveggja ára fresti (2026, 2028 og 2030), þ.e. af sameiginlegri fjárveitingu sem ætluð er til að breikka eða skipta út einbreiðum brúm. Eins eru 50 milljónir settar árlega út tímabil áætlunarinnar vegna „smábrúa“. Nú hefur Dalabyggð fengið þau svör ítrekað að kostnaður sé ástæða þess að einbreiðum brúm hafi verið haldið eftir í nýframkvæmdum á svæðinu sl. ár. Má því velta fyrir sér þessari sameiginlegu fjárveitingu til breikkunar brúa og smábrúa og hvað því sé ætlað að verja í margar brýr ?

Af sameiginlegri fjárveitingu er ætlunin að verja 100 millj. kr. til héraðsvega á ári, út tímabil áætlunarinnar. Í Dalabyggð eru tæplega 90 km af héraðsvegum, þar af rúmlega 70 km malarvegir, sem búa flestir við þá sérstöðu að hafa ekki fengið fjárveitingu frá árinu 2007. Ekki kemur fram hvort þessar 100 millj. kr. séu stofnframlög til nýrra héraðsvega og þeirra héraðsvega sem hafa verið aflagðir en eru að koma inn að nýju eða ætlaðar til viðhalds og framkvæmda á þeim sem eru á skrá, þeirri spurningu verður að fá svör við.

Í styrkvegi af sameiginlegri fjárveitingu er ætlunin að verja 100 millj. kr. á ári, út tímabil áætlunarinnar. Vegagerðin hefur bent á, m.a. síðast núna í sumar, að umsóknir um styrkvegi hafa verið fleiri og hærri en hægt hefur verið að verða við. Fjárveitingar misháar eftir árum; sbr. 100 m.kr. 2025, um 115 m.kr. 2024, 124 m.kr. árið 2023 og töluvert meira árin tvö þar á undan, 182 m.kr. árið 2022 og 164 m.kr. 2021. Núna síðast varð t.d. 30% lækkun á framlagi til stofnvega í Dalabyggð m.v. árið á undan, m.a. vegna þess að umsóknum fjölgaði og niðurstaðan varð aðeins 3.500.000 kr.- fyrir Dalabyggð í styrkvegi.

Í þingsályktunartillögunni segir: „Þessu til viðbótar verður vetrarþjónusta á vegum fjármögnuð til að geta veitt nauðsynlega þjónustu hverju sinni. Fjárveiting til vetrarþjónustu á fyrsta tímabili áætlunarinnar verður aukin um tæpa 14 milljarða kr. frá tillögu að samgönguáætlun haustið 2023.“ Dalabyggð hefur tekið þátt í samráði við Vegagerðina um endurskoðun á vinnureglum um vetrarþjónustu. Síðasta hreyfing í þeim málum var fundur í Stykkishólmi í október 2023 af frumkvæði Vegagerðarinnar, eða fyrir nærri 2 árum síðan. Ekkert hefur heyrst af viðbrögðum ráðuneytisins vegna þessara tillagna og því þarf að vera skýrt hvort þessi aukning til vetrarþjónustu taki tillit til þeirra ágalla sem sveitarfélögin og Vegagerðin hafa bent á sl. ár eða hvort ætlunin sé að setja þá í vetrarþjónustu sem fer eftir reglum sem hætt er að þjónusta íbúa.

Í ályktuninni er einnig fjallað um stofnun svokallaðs innviðafélags með eftirfarandi hætti: „Ríkisstjórnin hefur samþykkt að stofna innviðafélag til að flýta stærri samgönguframkvæmdum og tryggja fyrirsjáanleika í fjármögnun þeirra til lengri tíma.“ Fram kemur að leggja eigi fram frumvarp þess efnis á vörpingi. Dalabyggð fagnar því að feta eigi þessa leið varðandi jarðgangnagerð en vill

jafnframt áréttu að einnig ætti að horfa til fyrirkomulags varðandi samvinnuvegi og eins fleiri vegflokka varðandi nýframkvæmdir heldur en nú er gert. Hvoru tveggja gæti hraðað framkvæmdum enn frekar og dregið úr kostnaði fyrir ríkið.

Þá fagnar Dalabyggð því að sjá framkvæmdir á Snæfellsnesvegi á áætlun og í samfellu, ólíkt því sem verið hefur í fyrri Samgönguáætlunum. Búið er að skipta upp framkvæmdum á Snæfellsnesi og Skógarstrandarvegi í tvennt frá fyrri áætlun. Fyrri hluti verður þannig tekinn Stykkishólms-megin á 1. tímabili en Dalabyggð komi inn á 2. og 3. tímabili áætlunar. Sveitarfélagið saknar þess þó að engin umfjöllun er um þverun Álfafjarðar í fram kominni áætlun.

Það má ljóst vera að það á eftir að fara fram töluverð umræða um framkomna Samgönguáætlun fyrir árin 2026-2040 og mun Dalabyggð ekki láta sitt eftir liggja í þeirri umræðu. Marg oft hefur komið fram að vegir í Dalabyggð eru mun lakari en víða annarsstaðar og hefur svæðið í heild orðið út undan í hvað varðar vegabætur svo áratugum skiptir og því þarf að vinda ofan af með öllum tiltækum ráðum og aðgerðum.